

1977
Helgi Pjeturss:

Vísindi í stað trúar og vantrúar.

I.

Það er fjarri mér að ætla að halda því fram að hin nýa bók „Vandamál mannlifsins“ eftir próf. dr. Ágúst H. Bjrnason, sé ómerkileg og ekki þakkar verð. En þó ætla ég hér að snúa mér að nokkru því sem þar verður að telja á miður heppilegan hátt eftirtektarvert, og þar sem hinn þrautreyndi heimspekikennari og rithöfundur lætur í ljósi það vantraust á visindunum sem mér virðist mjög fjarri því að vera rétt. Höf. ræðir, s. 26—28, um það sem hann nefnir eilifðarmálin, og farast honum svo orð i upphafi þess kafla: „Veraldleg siðfræði getur ekki fremur en önnur mannleg visindi sagt neitt um það, hvað við kann að taka að þessu lifi loknu. Það er og verður ætlunarverk trúarinnar, hérefstir sem hingað til.“

Og enn fremur segir þar: „Öll rannsókn manna á þessum efnum, mun jafnan reynast örðug og að siðstu ófullnægjandi.“

Hér er óefsað um að ræða oflitið traust á mannlegu hyggjuviti, og þarfleiðandi falsspá um framlíð visindanna. Það er vissulega liffræðiatriði, hvort til sé líf eftir dauðann, en trúaratriði eða vantrúar aðeins meðan verið er á tilteknu stigi vanþekkingar. En nú er einmitt svo komið, að þekkingar er þarna kostur í stað vanþekkingar. Próf. Ágúst gætir ekki að því, að allt þetta

mál horfir öðruvísi við, eftir að eðli drauma er ljóst orðið, og miðilfyrirburðir andatrúarmanna þar með hættir að vera dularfullir. Hinn svonesndi andamiðill er frábrugðinn vanalegum sofanda í því, að hann getur eigi einungis talað upp úr svefn, heldur einnig svarað spurningum, þó að hann sé í fasta svefn. Þar er þess því kostur, að fá sögur af draumum meðan verið er að dreyma þá. Og svo er þetta undarlega, að það er einsog dreymandinn sem vér erum að tala við, hafi fengið aðra sál, aðra meðvitund en hann hefir i vöku; einsog vér tölum ekki við manninn sem þarna sefur, heldur við einhvern annan, er aðeins notar sofandann sem verkfaði. Og þessi sem talar gegnum sofandann fullyrðir oft að hann sé einhver framliðinn, stundum alókunnur þeim sem viðstaddir eru, svo að þeir vita jafnvel ekki að hann hefir verið til. En einnig þegar svo er ekki, er oft ýmislegt sagt, sem öllum viðstöddum er ókunnugt um, en við eftirgremslan reynist vera rétt. Þetta hættir að vera dulraent og óskiljanlegt þegar oss er orðið ljóst, að í svefn koma altaf (normalt) fram í oss aðrar meðvitundir, og að það er í þessu svefnambandi voru við aðra, sem draumlifið á rót sína. Vér getum, með nokkurri æfingu, auðveldlega átt að oss á því, að um leið og vér vöknunum, verða vitundaþskipti, draumvitundin, vitund þess sem ég hefi nefnt draumgjafa, hverfur, og dagvitundin kemur í staðinn. Nú eru til góðar athuganir um að sofandi mann hefir dreymt, að eitthvað kæmi fyrir sig, sem í raun rétti og á sömu stundu, kom fyrir einhvern sem vakti. En jafnvel þó að ókunnugt væri um slikein athuganir, gætum vér haft fulla vissu fyrir því, að draumar vorir eiga upptök sín í þesskonar sambandi. Og er þar mjög eftirtektarvert, að vanalega dreymir oss eitthvað sem oss er alókunnugt úr vöku, og sem vér getum jafnvel oft átt að oss á, að ekki er til /á vorri jörð. Vér getum því ályktað, að draumgjafi vor er oftastnær, og sennilega að nokkru leyti, altaf. ibúi annarar jarðstjórnar. Lifsamband á sér stað milli jarðstjarna alheimssins. Þarna er um að ræða uppgötvun í náttúrufræði, og óhætt að fullyrða, að engin er til, sem áreiðanlegri sé, eða visindalegri. Gætum nú að því hvað hinir svonefndu andamiðlar segja af því sem þá er að dreyma. Menn hafa að visu haldið, og halda flestir enn (þeir sem aðhyllast hinn svonefnda spiritismus eða andatrú) að þeir sem tula gegnum miðlinn séu andar, og andaheimur það sem þeir eru að segja frá. En einsog ég hefi rækilega sýnt fram á í bókum mínum og ýmsum ritgerðum, þá eru þessir andar sem menn halda vera, oft, og það svo greinilega, að æftla mætti að ekki væri unnt að misskilja það,

Ljó ekki geturitt jafn stað

að reyna til að segja frá því að heir séu einmitt ekki andar, og ekki íbúar andaheims. Stundum tekur andinn það jafnvel skýrt og skilmerkilega fram, að hann eigi heima á jarðstjörnu. — Það er alveg áreiðanlegt, að vísindunum er ekki ofvaxið að fást við þá spurningu, hvort lífað sé áfram eftir dauðann. Það er jafnvel óhætt að fullyrða, að vísindaleg vissa er fengin fyrir því, að eftir frumlif á einhverri jarðstjörnu, kemur framlif á annari. Og jafnframt er fundin leið til að ná vísindalegu sambandi við þá sem framlíðnir eru héðan af jörðu, og lífa nú framlifi á öðrum jarðstjörnum alheimssins. Líffræðina má færa út til stjarnanna, og hin mesta nauðsyn á að svo verði gert. Þætti mér gott til þess að vita, að íslenzkir vísindamenn ættu þar i drjúgan þátt, og létu sér ekki fyrir brjósti brenna, þó að hér sé um íslenzk vísindaupptök að ræða, og reyni því í mesta lagi á þá tegund þjóðrækni, sem vanalega er því minni sem þjóðin er smærri, og ástæður þeirra sem við vísindi fást, litilfjörlegri.

II.

I 4. hefti „Eimreiðarinnar“, 1943, er grein eftir Guðmund Friðjónsson skáld, sem heitir „Hjúpur og hula“, og ástæða er til að athuga hér að nokkru. Þar er þessi setning, s. 351: „Enda þótt móðir mannkynsins kunni að hafa gengið nakin í aldingarðinum forðum“ o. s. frv.

Mér er alltaf illa við að sjá minnst á hina alkunnu bibliusögu um sköpun mannkynsins, á þá leið, að einfaldur lesandi gæti leiðst til að ímynda sér, að sá sem ritað hefir, haldi að sú sköpunarsaga sé annað en barnalegt æfintýri.

S. 355 eru þessar spurningar: „Hvernig varð maðurinn til á jörðinni? Er moldin blátt áfram móðir hans? Eða er ósýnilegur andi faðir mannsins?“

Pessum spurningum má nú að vísu með vissu svara þannig, að mannkynið er sprottið upp úr dýraríkinu, maðurinn á eitt sína að rekja til dýra, lengra og lengra aftur, unz komið er að hinum fyrstu lifandi verum hér á jörðu, sem enn eiga niðja (og raunar mundi vera réttara að nefna jurtir en dýr). Og það eru hb. 2500 ár síðan Anaximander hafði látið sér skiljast, að mennirnir eru komnir af dýrum. Svo langtum fremri voru grískir fornspékingar hebreiskum. Það sem spyrja verður um, ef menn vilja vita frumupptök mannlifsins, er þetta: hvernig er lífið orðið til hér á jörðu? En einnig því hefir grískur spekingur, samtiðarmaður Anaximanders, nokkru yngri, svarað þannig að rétt mun vera,

Pythagoras sagði, að sálir dýranna væru hingað komnar frá stjörnunum. Það er einhver tegund magnanar, sem geislar frá íbúum einhverra jarðstjarna, sem tendrar lifið á öðrum jarðstjörnum alheimsins, þegar efnisagnir hafa þar náð þeim margfaldleika og þeirri samstillingu margfaldleikans, sem þarf til þess að það samband geti orðið.

Skáldið segir ennfremur, s. 355: „Koma mannsins í sýnilegan heim er leyndardómur eigi miklu minni en það undur, að jólabarnið sé öðruvisi komið undir en öll önnur börn.“

Er þarna vikið að því trúaratriði, sem hverjum menntuðum manni mun, á vorum dögum, þykja í erfiðasta lagi viðfangs. Það sem kallað er meyarfæðing (parthenogenesis) á sér að visu stað i dýraríkinu, en þó aðeins hjá hryggleysingjum, þekkist ekki hjá neinu hryggdýri, jafnvel ekki þeim allralægstu. Hugsandi mönnum er því ekki láandi þó að þeim hafi gengið illa að trúá á parthenogenesis humana, eða meyarfæðingu þar í lifriki jarðar sem hennar væri sít að vænta, og erfiðleikar þeirra aukist enn, af því að Markús, sá guðspjallamaðurinn sem helzt virðist hafa verið sögumaður, minnist ekki einu örði á meyarfæðinguna, heldur er það Lúkas, skáldið meðal guðspjallamannanna, sem þar er helzt til frásagnar. Annars er rétt að taka það fram, að saga Jesú verður ekki skilin til fulls né metin að verðleikum, fyrr en liffræðin hefir verið færð út til stjarnanna, fullkomlega ljóst orðið, að lifið er magran, og hver nauðsyn oss hér á jörðu er á sambandi við lifmagnaðri mannkyn annara jarðstjarna. —

Skáldið spáir engu síður dapurlega um framtíð vísindanna, en heimspekiprófessorinn. Því að slikur spádómur felst í þessum orðum skáldsins (s. 352): „Samleikur trúarbragðanna er undir huliðshjálmi — var, er og verður.“ Þetta þýðir vitanlega það, að aldrei muni verða vitað, hvort til eru æðri verur en mannkynið, eða hvort lifað er eftir dauðann. En i eftirfarandi orðum (s. 355—6) kemur í ljós, að skáldið vanmetur á emnhá hærra stigi en prófessorinn það sem þegar hefir áunnist í þekkingarefnum. „Eigi er um það að villast“ — segir skáldið — „að veröldinni er stjórnað. Jörðin t. d. lýtur því lögmáli, að sólfgangurinn tekur til að hækka og aftur að lækka tiltekna daga á ári hverju, þá breytir jörðin um háterni. Hver skilur vangaveltur hennar? Vér höfum þennan leyndardóm syrir augum alla ævi vora og skiljum þó eigi upp né niður í honum.“

Sú var að visu tiðin, að þetta var leyndardómur, en nú má sjá hann skýrðan í hverri kennslubók í landafræði, og hefir svo lengi

verið, einsog kunnugt er. Og einsog sjá má af þeim þætti mannkynssögunnar, sem um of hefir vanræktur verið, hefir hver leyndardómurinn eftir annan verið skýrður, og ljósi þekkingarinnar oft verið brugðið þar yfir, sem áður var svæði trúarinnar. En þó mun framtíðin í þessum efnunum verða ennþá miklu merkilegri en fortiðin hefir verið, og ekki að efa, að í stað þoku trúar og vantrúar, mun koma þekking og vissa.

III.

Fyrir mann sem áhuga hefir á eflingu náttúruþekkingar, er það ánægjuefni, hversu margir eru hér nú, móts við það sem áður var, er hafa aflað sér þekkingar og rannsóknahæfileika í þeim efnunum. Ein af þessum mönnum er Sigurður Pétursson gerlafræðingur. Eftir hann er í 4. hefti „Náttúrufræðingsins“, 1943, ritgerð sem heitir „Náttúrulögðmál og mannasetningar“, og er þar þakkarverð tilraun til að gefa nokkurt yfirlit yfir sögu þekkingarinnar. Á greinarhöfundurinn í því sammerkt við heimspekinginn og skáldið, sem ritað er um í fyrri köflum, að hann virðist ekki hafa gert neina tilraun til að færa sér í nyt, það sem eg hefi til málanna lagt í þessum efnunum. S. P. virðist líta svo á, einsog algengt er, að efinn sé vísindalegri en vissan. En þó er það misskilningur. Hvortveggja er greindaratriði. Ónóg greind efast án þess ástæða sé til, engu síður en hún leyfir sér að vera sannfærð. Þar sem sannferingin er röng. Vísindalegir hæfileikar eru umfram allt í því fólgðir að geta athugað, horið saman athuganir, dregið ályktanir, komið að niðurstöðu um, hvað muni vera rétt, eða í áttina til saunleiks, og hvað ekki. Því fremur sem einhver er vísindamaður, því ófúsari er hann á að vera sannfærður um það sem ekki væri rétt, og því meiri hugur er honum þarfleidandi á að vanda athuganir sínar, samanburð og ályktanir. Það leynir sér nú ekki, að S. P. hyggur það vísindalegra, að gera ráð fyrir, að ekki sé til líf eftir dauða. En þetta er misskilningur, sem að visu er auðveldara að átta sig á, þegar komið er á gamalsaldur. Enginn vafi er á því, að afturför og dauði er ekki það sem manninum er eðlilegt að þrá. Það er heldur á hinn veginn. Innsta þráin er vaxandi fullkommun, likamleg og andleg. Og það er alveg vist, að sú þrá er ekki af heimsku sprottin, og að henni mun verða fullnaegt. Það sem viðleitni mannkynsins á að vitkast, og átta sig á tilverunni hefir leitt í ljós, er ávallt meira samband, meira samhengi, meira framhald. Sú furðulega uppgötvun var gerð, -- svo að eg nefni mjög frægt dæmi -- að það sem því veldur, að steinn sem er kastað í loft upp, fellur

aftur til jarðarinnar, er sá hinr sami kraftur, sem sveiflar jörðinni kringum sólina, og veldur hreyfingu hnattanna í himingeimnum. En það er þessu líkt, að þegar nýtt hörund kemur aftur þar sem flumbrast hefir, þá er þar að verki, angí alheimskraftar, sem við sérstakar ástæður, getur endurskapað líkama sem dáið hefir, eða réttara sagt, annan í hans stað. Það er nú þegar vitað, að líta má á lífið sem nokkurskonar magnan eða afslvæði, og að dauði er afleiðing þess, að likami verður óhæfur fyrir þessa magnan. Það sem spiritistar hafa kallað materialisation — ég hefi nefnt það likaman eða likamning — er visindaleg staðreynd, og má þar um vitna til hinna ágætustu vísindamanna. Og gegnir nú raunar furðu nokkurri, að það skuli ekki fyrir löngu hafa skilist, að það sem hér á jörðu verður aðeins á ófullkominn hátt, á miðilfundum, nægir þó til að skýra fyrir oss, hvernig líf þeirra sem deyja hér á jörðu, heldur áfram í nýjum líkönum á öðrum jarðstjörnum. En einsog áður er vikið á, þá er með hinum rétta skilningi á eðli draumlífsins, visindaleg vissa fengin fyrir lífsambandi milli stjarna alheimisins. Menn taki eftir því, i hversu ágætu samræmi þessi uppgötvun er við framvindu vísindanna áður. Próun þekkingar hefir hvað eflir annað leitt í ljós meira samband stjarnanna á milli, en áður var vitað um.

Sigurður Pétursson hefir alveg rétt fyrir sér þar sem hann lætur í ljósi þá sannfæringu, að ef maðurinn lifi eftir dauða, þá muni einnig dýrin og jurtirnar eiga fyrir sér að lifa eiliflega. En þó að vísu þannig, að sótt er fram, fyr eða síðar, til ávallt fullkomnari lífmynda. Hinn mikli sannleikur er sá, að tilgangur lífsins er hin fullkomna samstilling lífsins í alheimi, tilgangur verðandinnar hinn fullkomni alheimur.

Ég hefi ekki getað orðið þess var, að neinn hafi gert sér þessi höfuðsannindi ljós. En fálmað hefir verið eftir þeim margvislega, í trúarbrögðum og heimspeki. Lengst hafa í því efni sennilega komist Pythagoras, Pröklos, Brúnó og Swedenborg. Í kristinni trú er einnig leitað í þá átt, en að vísu eru þau ummæli Jesú er að þessu lúta, mjög undarleg og óljós. Virðist Jesús ekki hafa verið spekingur á við þá sem nefndir voru, og enn aðra. Mikilleiki hans var umfram allt, einsog hann sjálfur hefir tekið fram, fólginn í því, hvilik furðuverk hann gat gert. En því olli hið nána samband hans við veru þá er hann nefndi föðurinn, og óefað hefir heima átt á jarðstjörnu. Þar sem vald lífsins á náttúruöflunum er miklu meira en hér á jörðu. Jesús var einkum í því efni mjög merkilegur fyrirrennari. Því að það er slikt, eða réttara sagt, ennþá fullkomn-

ara samband við lengra komna íbúa annarar jarðar eða jarða, sem vér hér á jörðu verðum að öðlast, ef framtíð mannkyns vors á að geta orðið svo sem þarf.

Og það er alveg víst, að kraftaverk einsog þau sem eiga rót sína í sambandi við lifmagnaðri mannkyn eða goðkyn, verða að koma til sögunnar, ef Íslund á að geta orðið eins gott land og það, til þess að þjóðin þroskist og þrifist svo, að íslenzkt atgervi geti orðið svo sem efni eru til, og eigi einungis íslenzkri þjóð heldur öllu mannkyni jarðar vorrar að nauðsynlegum notum.